

## Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
Andri Geir Jónasson	Alþjóðleg ráðstefna European Network of Physiotherapy on Higher Education (ENPHE)	5.7.2017	100.000	Nei	Nei	R17060120



## Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

**Umsækjandi:** Andri Geir Jónasson

**Kennitala:** 1005923479

**Heimilisfang:** Sogavegur 144

**Netfang:** agj15@hi.is

**Símanúmer:** 8576024

**Póstnúmer:** 108

**Staður:** Reykjavík

**Nafn ábyrgðarmanns:** Ásta Jóna Guðjónsdóttir

**Kennitala ábyrgðarmanns:** 230561-2069

**Heimilisfang ábyrgðaraðila:** Háskóli Íslands, Stapi v. Hringbraut

**Póstnúmer ábyrgðaraðila:** 101 Reykjavík

**Netfang ábyrgðaraðila:** astagudj@hi.is

**Símanúmer ábyrgðaraðila:** 525 4004

**Hlutverk ábyrgðaraðila:** Að stofna reikning inna bókhalds Háskóla Íslands til að varðveita styrkupp hæð, að hafa umsjón með að styrkur sé nýttur skv. áætlun, sjá um greiðslur út af reikningi fyrir viðeigandi þjónustu.

**Upphæð sem sótt er um:** 100 000 kr

**Banki:** 0137

**Höfuðbók:** 26

**Reikningsnúmer:** 0476

**Viðfangsnúmer:** 1231-123530 (sem skýring)

**Heiti verkefnis:** Alþjóðleg ráðstefna European Network of Physiotherapy on Higher Education (ENPHE).

### Lýsing á verkefni:

Í haust, nánar tiltekið 22.-23. september n.k fer fram alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík. Þar koma saman kennarar og nemendur sem eru meðlimir í European Network of Physiotherapy in Higher Education (ENPHE). Titill næstkomandi ráðstefnu er: Physiotherapy Education in a Changing Society (sjá heimasíðu: <http://enphe2017.com/>). Áhersla er lögð á hvernig á að efla kennslu um heilsueflingu, forvarnir sem og fjölmenningu í sjúkraþjálfunarnámi. Markmið ráðstefnunnar er að auka samvinnu milli evrópskra háskóla og stefnumál eru m.a umræður um kennslumál, innihald náms og klínískrar kennslu í

sjúkráþjálfun, og gæðastaðla í sjúkráþjálfun í samvinnu við heimssamband sjúkráþjálfara. Að auki gefst tækifæri til að efla samstarf um kennara- og stúdentskipti, rannsóknir á sviði sjúkráþjálfunar o.fl.

Fjöldi þátttakenda undanfarin ár hefur verið á bilinu 150-200 manns, en kennarar og nemendur koma víðs vegar að úr Evrópu. **Nemendafélag ENPHE er öflugt og framlag nemenda á ráðstefnunni er mikilvægt þar sem sjónarhorn þeirra á kennslumálum er nauðsynlegt.**

Nemendur H.Í. munu m.a. sjá um fræðslu- og skemmtidagskrá fyrir nemendafélagið, en segja má að ráðstefnan marki upphaf alþjóðlegra samskipta íslenskra nemenda við aðra nemendur í Evrópu. **Ég er einn af skipuleggjendum þeirrar ráðstefnu en mitt hlutverk er að skipuleggja m.a afþreyingu innan nemendahópsins.**

Áætlað er að nota þessa styrkveitingu í dagskrárlið innan ráðstefnunnar sem heitir félagslegt prógram/ Social Program en það stendur til að fara með 80-100 manns frá Reykjavíkurborg út í Viðey. Ástæðan fyrir Viðey er sú að skipuleggjendur telja það spennandi kost ásamt því að ferðin tekur stuttan tíma sem er mikilvægt þar sem dagskrá er þétt. Ráðstefnugestum gefst tækifæri til þess að sjá Reykjavíkurborg frá því frábæra sjónarhorni sem sigling frá Reykjavíkurborg býður uppá. Eftir stutta siglingu frá gömlu Reykjavíkurborginni tekur við kynning á náttúru og sögu Viðeyjar, því næst tekur við kynning á íslenskum veitingum (í föstu og fljótandi formi), sem íslenskir nemendur munu bera í bakpoka út í eyju. Þeir ágætu ráðstefnugestir fá því að upplifa þúsund ára gamla sögu Viðeyjar og njóta einstakrar náttúru á vonandi ágætu septemberkvöldi.

Því miður getum við ekki rukkað meira en 2500 kr í þessa ferð en megnið af þeirri upphæð fer í að ferja fólk á milli. Það sem vantar að brúa er eftirfarandi:

- Kostnaður við að hafa húsaskjól í Viðeyjarnausti (sérstaklega ef illa viðrar)
- Kostnaður við stutta leiðsögn (frá hendi starfsmanna Reykjavíkurborgar, í Viðey)
- Léttar veitingar.

Úr ráðstefnudagskrá: 18.00 -20.00 **Videy Island.** In this social event you will experience: Reykjavik from the ocean, a short walk/hiking in a natural treasure close to the city centre, the Imagine Peace Tower, light refreshments („taste of Iceland“) and the company of excellent people. The ferry for Videy Island will leave from the Old Harbour in Reykjavik at 18.00 and bring us back around 20.00. The trip to the island takes 15-20 min. each way. Dress-code: This is an outdoor event so you should dress according to the weather-forecast (see <http://en.vedur.is/weather/forecasts/areas/>) and select shoes which are good for a walk on gravel pathways.

### **Hverjir hafa helst hag af styrknum?**

Sérstaða ráðstefnunnar er að auk háskólaakennara taka nemendur fullan þátt í dagskránni. Til að gera þeim kleift að ferðast um langan veg og taka þátt er ráðstefnugjald í lágmarki, sem og gjald fyrir félagslega prógramið. Við leitum því til ykkar með beiðni um styrk til að geta haldið þessa ráðstefnu með sóma.

### **Hverjir munu vinna að verkefninu?**

Þeir sem koma að skipulagi ráðstefnunnar eru bæði kennarar frá Námsbraut í sjúkraþjálfun, innan Læknadeildar Háskóla Íslands, ásamt nemendum sem stunda grunnnám í sjúkraþjálfun.

Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt innan þess teymis sem vinnur að skipulagsmálum, eða 6 konur og 4 karlar.

### **Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

Jafnréttisstefna Háskóla Íslands hvílir á tveimur meginstoðum: Jafnréttisáætlun kynjanna og stefnu í málefnum fatlaðra. Mikilvægt er að starfsfólk virði jafnréttisstefnuna og vinni í anda hennar. Háskóli Íslands leggur áherslu á að jafnræðis og jafnréttis sé gætt á öllum sviðum háskólastarfsins. Í þessu felst m.a. að óheimilt er að mismuna starfsfólki, t.d. eftir aldri, kynferði, kynþætti, kynhneigð, fötlun, þjóðerni, trúar- eða stjórnmálaskoðunum (sjá nánar, [http://www.hi.is/haskolinn/starfsmannastefna\\_haskola\\_islands](http://www.hi.is/haskolinn/starfsmannastefna_haskola_islands))

### **Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?**

(Mannréttindastefnu má finna hér: [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267\\_view-752/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267_view-752/))

Ástæðan fyrir því að við leitum til Félags- og jafnréttismálaráðuneytis er sú að þema ráðstefnunnar er Physiotherapy Education in a Changing Society. Þar verður lögð áhersla á samfélagsbreytingar í Evrópu sem kalla á að heilbrigðisstarfsfólk, þar á meðal sjúkraþjálfarar, sé í stakk búið að sinna mismunandi menningarhópum. Samfélagsbreytingarnar fela meðal annars í sér stærri hópa nýbúa og flóttamanna, auk annarra menningahópa sem markast af sameiginlegri reynslu og hagsmunum. Þar má nefna sem dæmi eldri borgara, einstaklinga með margvíslegar fatlanir og fjölskyldur þeirra. Þessi breytta samfélagsmynd kallar eftir sjúkraþjálfurum sem eru hæfir og viljugir til að laga heilbrigðisþjónustu sína að menningarbundnum þörfum notenda. Lykillinn að árangursríkri sjúkraþjálfun er að skilja hvaðan einstaklingurinn kemur og geta tekið tillit til þátta eins og þjóðernis, kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, trúar, fötlunar og félagslegar stöðu.

Umræða um mikilvægi félagslegra þátta er vaxandi innan okkar fags í Evrópu. Við erum því afar stolt af því að bjóða upp á ráðstefnu þar kafað verður dýpra í þennan málaflokk og hvernig efla má kennslu í sjúkraþjálfun um fjölmenningu.

## Fjármögnun:

### Verk- og tímaáætlun verkefnisins:

**Mars 2017:** Viðeyjarnaust bókað 22. september (ganga þarf frá greiðslu fyrir 1. September).

Tengiliður hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur: Alma Dís Kristinsdóttir.

**Júní 2017:** Ferja í Viðey bókuð frá Gömlu höfninni (Ægisgarði). Tengiliður hjá ferjufyrirækinu

Eldingu: Guðlaugur Ottesen Karlsson.

**Júní til september:** Skráning í „social program“ er opin.

**1. sept.** Gengið frá samningum við Borgarsögusafn Reykjavíkur (leiga á Viðeyjarnausti og leiðsögn).

**21. sept.:** Skráning í ferðina lokuð.

**22. sept.:** Kaup á veitingum

**22. sept.** Viðeyjarferð

### Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir

Tekjurnar okkar takmarkast við 2500 kr gjald frá hverjum þátttakanda. Þar sem nær öll sú upphæð fer í ferjutoll þurfum við reiða okkur mikið á styrktaraðila til þess að geta greitt fyrir húsaskjól í

Viðeyjarnausti ásamt því að kaupa stutta leiðsögn um svæðið og léttar veitingar.

<b>Tekjuliðir</b>	<b>Upphæð</b>
Þátttökugjald 2500 kr/þátttakanda x 100 þátttakendur	250 000
MS og drykkjarframleiðendur: Matvörur og drykkur, að verðmæti	50 000
Áætlaður styrkur úr Borgarsjóði:	
- Leiga á Viðeyjarnausti	30 000
- Leiðsögn um Viðey	30 000
- Matvörur og drykkur	40 000
<b>Heildartekjur</b>	<b>400.000</b>

### Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir

Útgjaldaliðir	Upphæð
Bátur A (62 x 2400kr)	148 800
Bátur B (38 x 2400kr)	91 200
Leiga á Viðeyjarnausti	30 000
Leiðsögn um Viðey	30 000
Veitingar (harðfiskur, hákarl, samlokur, íslenskt gos/bjór)	100 000
<b>Total</b>	<b>400.000</b>

#### Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

Enginn peningastyrkur hefur fengist fyrir félagslegu prógrammi á ráðstefnunni. Hinsvegar mun MS gefa okkur skyrdrykki/hleðslu í nesti og við höfum leitað eftir gjöfum frá íslenskum gos- og bjórframleiðendum (bíðum eftir svari). Sótt hefur verið víða um styrki fyrir ráðstefnunni sjálfri. Össur og Heilbrigðismálaráðuneyti hafa styrkt ráðstefnuna sjálfa en við eigum enn eftir að brúa 600 þús kr kostnað.

#### Aðrar upplýsingar:

##### Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?

Nei, umsækjandi hefur aldrei sótt um styrki hjá Reykjavíkurborg áður.

##### Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?

Nei, aldrei.

**Annað sem umsækjandi vill taka fram.** Með von um góðar viðtökur.

